

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í 119
Árnessýslu um fátækraflutning sextugs styrkþega og um endur- 23. marz
greiðslu styrks veittum honum.

Oddviti Villingaholtshrepps hefir áfrýjað til ráðuneytisins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 17. júní f. á., sem ákveður að Villingaholtshreppur, sem er framfærslusveit Sveins Sigurðsonar skuli endurgreiða dvalarsveit þessa þurfalings Hafnarfjarðarkaupstað kr. 520,00, eða allan þann styrk, sem honum hefir verið veittur á árunum 1930 og 1931.

Oddviti Villingaholtshrepps hefir neitað því, að hreppnum sé skylt að endurgreiða Hafnarfjarðarkaupstað styrk veittan téðum þurfalingsi frá 1. júlí 1931, og byggir hann þessa neitun sína á því, að hann hafi með bréfi, dags. 23. júní 1931, krafizt fátækraflutnings á þurfalingnum. Fátækraflutningur Hafnarfjarðarkaupstaðar hefir ekki sinnt þeirri kröfu vegna læknisvottorða, sem fyrir lágu um heilsufar þurfalingsins. Á vottorði héraðslæknisins í Hafnarfirði verður það að visu ekki byggt, að þurfalingurinn hafi ekki verið flutningsfær sökum sjúkleika, en bæjarstjórinn hefir upplýst eftir að úrskurður yðar var uppkveðinn, að maður sá, sem hér um ræðir, sé fæddur árið 1862 og því fullra 67 ára í ársbyrjun 1930.

Nú er svo ákveðið í 5. mgr. 43. gr. fátækralaga nr. 43 1927, að styrkur, sem veittur er styrkþega, sem er fullra 60 ára að aldri, skuli ekki teljast sveitarstyrkur. Þetta lagaákvæði virðist ekki geta merkt annað en það, að styrkur sem veittur er sextugum manni af sveitarsjóði, skuli ekki hafa hin venjulegu áhrif sveitarstyrks. Það er t. d. víst, að slíkur styrkþegi missir eigi kosningarrétt, og það virðist einnig leiða af nefndu lagafyrirmæli, að sveitarstjórn hafi ekki sama vald yfir slíkum styrkþegum sem yfir öðrum þurfamönnum, sérstaklega að því leyti, að framfærslusveit eða dvalarsveit hafi eigi rétt til samkvæmt 58. gr. fátækralaganna, að krefjast fátækraflutnings að styrkþega nauðugum. Það er upplýst í málinu, að umræddum styrkþega var það mjög nauðugt að flytjast á sveit sína, og verður því samkvæmt framansögðu að líta svo á, að fátækraflutningur Hafnarfjarðarkaupstaðar hafi ekki verið heimilt að láta flytja hann nauðugan fátækraflutningi á framfærslusveit hans, og hefir því ekki misst endurgreiðslu-kröfu sína á hendur Villingaholtshreppi þótt hún sinnti ekki fátækraflutningskröfu hreppsins. Hinsvegar þykir eftir atvikum rétt að styrkur, sem veittur er styrkþegum, sem eru 60 ára að aldri, endurgreiðist dvalarsveit samkvæmt aðalreglunni um endurgreiðslu fátækrastryks að $\frac{2}{3}$ hlutum af framfærslusveit.

Samkvæmt þessu staðfestist úrskurður yðar að öðru leyti en því, að Villingaholtshreppi ber að endurgreiða Hafnarfjarðarkaupstað hinn veitta styrk að

119 $\frac{2}{3}$ hlutum með kr. 346,67, og ber yður að annast um að hin úrskurðaða upp-
23. marz hæð verði greitt Hafnarfjarðarkaupstað þegar í stað.

Þetta tilkynnist yður, herra sýslumaður, til frekari birtingar fyrir hrepps-
nefnd Villingaholtshrepps.

120
20. júní

REGLUGERÐ

um veitingaskatt.

1. gr.

Greiða skal í rikissjóð 10% skatt af söluverði á matvörum, drykkjarföng-
um og öðrum neyzluvörum, sem seldar eru í gistihúsum, kaffihúsum, matsölu-
stöðum, kökubúðum eða öðrum stöðum, sem almenningur á aðgang að, undir
þaki, í tjaldi eða undir beru lofti. Skattskyldar eru einnig hvers konar tæki-
færisveitingar, hvort sem þær fara fram einstaka hátíðisdaga almennings, eða
til félaga, er félagar einir eiga aðgang að, eða til stofnana fyrir starfsfólk þeirra.

2. gr.

Undanþegið skatti þessum er:

1. veitingar handa starfsmönnum við fyrirtæki þau, sem skattskyld eru, hvort
sem þær eru látnar af hendi endurgjaldlaust eða seldar,
2. fæði, enda sé hver fullkomin máltíð eigi seld hærra verði en kr. 1,25,
3. mjólk og skyr, sem eigi er selt með meira álagi en 25% frá útsöluverði á
staðnum.

Undanþágur þessar eru bundnar því skilyrði, að veitingasalar sanni fyrir
innheimtumanni skattsins, hversu mikill hluti allrar sölu þeirra sé skattfrjáls
samkvæmt þessari grein.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt, ef því þykja ástæður mæla með, að und-
anþiggja veitingaskatti veitingasölu, sem rekin er í góðgerðaskyni fyrir al-
menning.

3. gr.

Ef veitingasali selur sama manni fæði í einn mánuð eða lengri tíma með
hærra verði en segir í 2. gr., greiðir hann skatt af $\frac{1}{3}$ hluta slíkrar sölu, enda
geri hann innheimtumanni skattsins fulla grein fyrir því, hve miklu fæðissala
þessi nemi. Fjármálaráðuneytið getur þó sett hámarksákvæði um verð þess
fæðis, sem undanþegið er skatti að $\frac{1}{3}$ samkvæmt þessari grein, og séu þau á-
kvæði miðuð við verðlag á hverjum stað. Ef hámarksákvæði eru sett samkvæmt
framanskráðu, er skattskyld að fullu sú fjárhæð af verði fæðisins, sem er yfir
hámarksákvæðið.